

REGLUR

um fyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands við viðskiptavaka.

1. Aðili að Verðbréfaþingi Íslands, sem gegnir hlutverki viðskiptavaka fyrir eigin reikning, sbr. lið 4 að neðan, með eftirgreinda markflokka ríkistryggðra skuldabréfa sbr. meðfylgjandi viðauka, sem skráð eru á Verðbréfaþinginu og áformar að sinna áfram hlutverki viðskiptavaka fyrir þau bréf á þess kost að eiga aðgang að vikulegum endurhverfum verðbréfavíðskiptum Seðlabankans, sbr. lið 3 í reglum Seðlabankans um útreikning og færslu vaxta o.fl. nú frá 19. maí 1998, enda uppfylli hann ákvæði liðar 3 hér að neðan um lágmark eigin fjár.
2. Aðilar sem hyggjast gegna hlutverki viðskiptavaka fyrir ofangreinda markflokka skulu tilkynna Seðlabanka og Verðbréfaþingi ákvörðun sína þar að lútandi bréflaga og er aðgangur að endurhverfum víðskiptum Seðlabankans háður því að svo hafi verið gert. Þar skal víðskiptavaki jafnframt heimila Seðlabankanum aðgang að upplýsingum um tilboð og víðskipti sín á Verðbréfaþinginu í þá flokka sem tiltekin eru í meðfylgjandi viðauka. Hyggist víðskiptavaki hætta að gegna hlutverki víðskiptavaka skal hann tilkynna Seðlabanka ákvörðun sína með a.m.k. mánaðar fyrirvara og fellur aðgangur hans að endurhverfum víðskiptum Seðlabanka niður að þeim tíma liðnum.
3. Eiginfjárstaða þeirra aðila sem gegna hlutverki víðskiptavaka í skilningi þessara reglna og aðgang eiga að fyrirgreiðslu Seðlabankans skal að lágmarki vera 300 m.kr. en þó ávallt 8% eða hærri skv. gildandi reglum um eiginfjárlutfall. Fari eiginfjárstaða aðila sem gegnir hlutverki víðskiptavaka niður fyrir þessi mörk skal hann upplýsa Seðlabankann um það svo skjótt sem það verður ljóst og fellur þá niður réttur hans til aðgangs að endurhverfum víðskiptum frá þeim tíma, þar til hann hefur bætt eiginfjárstöðu sína.
4. Með hlutverki víðskiptavaka er hér átt við að þingaðili setji daglega fram kaup og sölu-tilboð á Verðbréfaþingi Íslands í viðkomandi markflokka að lágmarki að fjárhæð 20 m.kr. í hverju tilboði. Jafnframt er honum skylt að endurnýja tilboð á þinginu innan 10 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið. Framsetning sölutilboða er háð því að víðskiptavaki eigi verðbréf til sölu en hann skal ávallt leitast við að geta sett fram tvíhliða tilboð. Hafi víðskipti á einum víðskiptadegi náð 200 m.kr. er víðskiptavaka þó heimilt að hætta framsetningu tilboða. Víðskiptavaki skal gæta þess að munur kaup- og söluávöxtunar sé innan hæfilegra marka.
5. Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til 11. greinar laga nr. 36 frá 5. maí 1986 um Seðlabanka Íslands, taka gildi 2. júní 1998. Jafnframt falla úr gildi reglur um fyrirgreiðslu Seðlabankans við víðskiptavaka nr. 544 frá 15. september 1997. Reglurnar eru breytanlegar án fyrirvara.

Reykjavík, 29. maí 1998.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

VIÐAUKI

Skrá um markflokka ríkistryggðra skuldabréfa
sbr. reglur Seðlabankans um fyrirreiðslu við viðskiptavaka.

Ríkisverðbréf
RS99-0210/K
RS00-0210/K
RB00-1010/KO
RS01-0201/K
RS02-0401/K
RS03-0210/K
RB03-1010/KO
RS04-0410/K
RS05-0410/K
RS06-0502/A
RS10-0115/KI
RS15-1001/K

Samtals 12 markflokkar þ.a. tveir óverðtryggðir.

Ofangreind skrá er breytanleg með mánaðar fyrirvara af hálfu Seðlabankans.

Reykjavík, 29. maí 1998.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.